

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð Mosfellsbæjar

Efni: Heimild til töku tilboðs á uppsetningu LED lampa

Dags: 15. ágúst 2024

Málsnúmer: 202401528

Sendandi: Lárus Elíasson, leiðtogi MosVeitna

Tillaga:

Óskað er eftir heimild bæjarráðs til að taka tilboði næstlægstbjóðanda, Bergraf ehf., í uppsetningu á LED lömpum vegna endurnýjunar götulýsingar. Bergraf ehf. uppfyllir skilyrði útboðslýsingar og tilboðið er í samræmi við útboðskröfur.

Heildarkostnaður við uppsetningu LED-lampa var áætlaður 47 m.kr. og gert ráð fyrir að verkefnið skiptist yfir á tvö ár, það er 2024 og 2025. Í fjárfestingaráætlun ársins 2024 eru 50 m.kr. og aðrar 50 m.kr. árið 2025, samtals 100 m.kr.

Tilboð voru hagstæð og því er heildarkostnaður við uppsetningu lampa nú áætlaður 33 m.kr.

Greinargerð:

Á bæjarráðsfundi nr. 1629 þann 13. júní 2024 heimilaði bæjarráð útboð á uppsetningu LED lampa. Áður hafði bæjarráð á fundi nr. 1623 þann 2. maí 2024 heimilað kaup á LED-lömpum.

MosVeitur óska heimildar bæjarráðs til að taka tilboði næstlægstbjóðanda, Bergraf ehf.

VERKLIÐUR		Samkvæmt tilboði
Uppsetning á 1.100 lömpum	kr.	23.191.840
SAMTALS		23.191.840
Umsjón ráðgjöf og eftirlit	8%	2.980.000
Annað og ófyrirséð (Class 3)	15%	5.590.000
Fjármagnskostnaður	4%	1.490.500
HEILDARKOSTNAÐUR		33.252.000

Tilboð í uppsetningu LED-lampa voru opnuð þann 18. júlí síðastliðinn og bárust tilboð frá 7 aðilum.

Bjóðandi	Tilboð við opnun	
	Heildartilboðsverð með VSK	Hlutfall af kostnaðaráætlun
Bergraf	23.191.840 ISK	63,13%
Rafkló ehf	64.718.000 ISK	176,17%
Straumbrot ehf	93.412.600 ISK	254,28%
Ljóstvistar ehf	24.748.800 ISK	67,37%
Rafal ehf	49.968.417 ISK	136,02%
Raf- og tæknilausnir ehf	74.670.566 ISK	203,26%
Dry tækni	22.985.500 ISK	62,57%
<i>Kostnaðaráætlun</i>	<i>36.736.300,00 ISK</i>	

Við yfirferð tilboða og bjóðenda kom í ljós að lægstbjóðandi, Dry Tækni (Egill Rossen) stóðst ekki kröfur um fjárhagslegt hæfi, næst lægsti bjóðandi, Bergraf ehf., stenst hins vegar allar kröfur útboðsgagna.

Samkomulag um kaup LED-lampa sem gert var í kjölfar útboðs fyrr á þessu ári gerir ráð fyrir að tæpur helmingur verði afhentur á yfirstandandi ári og það sem eftir stendur á næsta ári. Af þeim sökum er gert ráð fyrir í útboði um uppsetningu lampa að verkefnið verði tvískipt í samræmi við afhendingu nýrra lampa og dreifist því kostnaður í samræmi við það á árin 2024 og 2025.

Gert var ráð fyrir 50 m.kr. til verkefnisins í fjárfestingaráætlun ársins 2024 og 50 m.kr. árið 2025. Áætlaður kostnaður vegna kaupa á LED lömpum er kr. 52.670.000, og er þegar er búið að panta lampa fyrir um 20 m.kr. til afgreiðslu á þessu ári. Því er hægt að byrja uppsetningu á hluta þessara lampa í haust og klára uppsetningu næstu pöntunar um mitt næsta ár. Heildarkostnaður uppsetningar þeirra er áætlaður kr. 33.252.000. Heildarkostnaður vegna kaupa og uppsetningar 1.100 lampa er áætlaður 86 m.kr.

Í fjárfestingaráætlun ársins 2024 eru 50 m.kr. og aðrar 50 m.kr. árið 2025, samtals 100 m.kr.

Virðingarfyllt,

Lárus Elíasson leiðtogi MosVeitna